

Njörður ehf.
Kt: 550493-2929
Móatúni 15
460 Tálknafjörður

Hafnarfjörður, 13.03.2026
Tilv. 2026-01-06-0120

Efni: Svipting. Löndunarskylda. Brottkast. Njörður BA – 114 (2432)

Fiskistofa hefur lokið meðferðar máls er varðar meint brot áhafnar krókaaflamarksbátsins Njarðar BA – 114, skipaskrárnúmer 2432, gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

I. Málsvik

Þann 19. nóvember 2025 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu við eftirlit með ómönnuðu, fjarstýrðu loftfari sem útbúið er myndatökubúnaði (hér á eftir „ómannað loftfar“) við Tálknafjörð. Í skýrslu eftirlitsmanna kemur fram að Njörður BA – 114 (2432) hafi verið við veiðar á svæðinu og hafi ómönnuðu loftfari, verið flogið að bátnum og upptaka hafin í kjölfar þess að eftirlitsmenn urðu varir við að fisk hafi verið kastað fyrir borð.

Tekin voru upp tíu myndskleið og var samanlögð lengd þeirra um 34 mínútur. Í myndskleiðum sést til áhafnar meðlims, stjórnborðsmegin, ýmist kasta fiskum útbyrðis, slá þá af línu með barefli þ.e. „gogg“ eða hann nota það til þess að „gogga“ fiska og kasta þeim útbyrðis. Auk þessa sést til áhafnar meðlims, bakborðsmegin, kasta fiskum útbyrðis. Eftirfarandi fisktegundir og fjöldi fiska voru ekki hirtir:

Tegund	Fjöldi
Þorskur	7 stk.
Ýsa	24 stk.
Skarkoli	5 stk.

Af þeim sökum er áhöfn krókaaflamarksbátsins Njarðar BA – 114 (2432) grunuð um að hafa brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað tilgreindum 36 fiskum, sem komu í veiðarfæri bátsins þann 19. nóvember 2025.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, er kveðið á um meginregluna að skylt sé að hirða og koma með að landa allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Brot gegn framangreindu ákvæði geta varðað stjórnsluviðurlögum þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni eða skriflegri áminningu samkvæmt 15. gr. sömu laga.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 16. febrúar 2026, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsvikum lýst, honum leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 3. mars 2026.

Sjónarmið málsaðila bárust þann 2. mars 2026. Þar gerir málsaðili engar athugasemdir við framangreind málsatvik og málið því afgreitt með hliðsjón af gögnum málsins og málsatvikum eins og þeim er lýst að framan.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að áhöfn Njarðar BA – 114 (2432) hirti og landaði ekki, 7 þorskur, 24 ýsum og 5 skarkolum sem komið höfðu í veiðarfæri bátsins þann 19. nóvember 2025, samtals 36 fiskum sem skylt var að hirða og landa.

Með háttsemi sinni að hirða og landa ekki þeim 36 fiskum sem komu í veiðarfæri bátsins þann 19. nóvember 2025, braut áhöfn krókaaflamarksbátsins Njarðar BA - 114 (2432), gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 57/1996 mælir fyrir um að Fiskistofa skuli veita hlutaðeigandi útgerð áminningu eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, fyrir brot á lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við mat á því hvort brot teljist minniháttar eður ei er litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt ber við mat á því hvort brot teljist meiriháttar að líta til þess hvort verknaður hafi verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða til staðar séu aðstæður sem auka mjög saknæmi brots.

Við mat á fjárhagslegum ávinningi brots tekur Fiskistofa m.a. tillit til magns og tegundar. Ákveðnar tegundir s.s. þorskur, ýsa og skarkoli eru eðli málsins samkvæmt verðmeiri og eftirsóknarverðri en aðrar. Í myndskeiðum sést að afli sem bjó yfir ákveðnum markaðsvænum og verðmætum eiginleikum var hirtur en afli sem bjó ekki yfir tilskildum eiginleikum var ekki hirtur. Ávinningur brots getur jafnframt falist í sparnaði sem fæst við að komast undan hugsanlegum kostnaði og sparnaði á útgjöldum við að hirða og landa afla, t.a.m. afla sem selst ekki eða þarf að urða með tilheyrandi kostnaði, auk þess sem aflaheimildum verður ekki ráðstafað í þann afla. Fiskistofa telur ávinning hafa hlotist af brotum málsaðila en að hann sé óverulegur með hliðsjón af magni.

Brotið ógnar hagsmunum af góðri umgengni um nytjastofna sjávar. Auk þess ógnar það hagsmunum tengdum stjórnun fiskveiða og er til þess fallið að grafa undan grundvallarstoðum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Kerfið grundvallast á því að aflaskráning gefi sem réttustu mynd af því hve mikið sé veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og því er mikilvægt að upplýsingar um veiddan afla séu rétt skráðar. Upplýsingarnar eru lagðar til grundvallar við ráðgjöf um leyfilegan heildarafla sem vegur þungt í endanlegri ákvörðun um heildarafla fiskveiðiárs. Brotið vinnur þannig gegn ábyrgri umgengni um nytjastofna sjávar.

Við mat á saknæmisstigi brots er litið til framgangsmáta og háttsemi áhafnar meðlima um borð. Á áhafnar meðlimum hvílir sú starfsskylda til að hirða og landa veiddum afla. Við mat þess hvort áhafnar meðlimir hafi innt af hendi starfsskyldu sína í samræmi við það sem af þeim mátti ætlast ber að athuga hvort þeir hafi við framkvæmd starfa sinna farið eftir gildandi hátternisreglum, um fiskveiðar og starfsaðferðum sem „*gegn og skynsamur atvinnusjómaður*“ myndi fylgja miðað við aðstæður hverju sinni. Áhafnar meðlimir ýmist kasta fiskum útbyrðis eftir að þeir voru dregnir inn fyrir borðstokk, slá þá af línu með barefli þ.e.

„gogg“, eða nota hann til þess að „gogga“ fiska og kasta þeim útbyrðis. Áhöfnin hefur þannig með athöfn vanrækt starfsskyldu sína með saknæmum hætti.

Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa einstaklingar sem hafa sjómennsku að atvinnu. Málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar báta í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á ábyrgð útgerðaraðila, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög og reglur.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins og alls þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Fiskistofu að brotið teljist meiriháttar. Af þeim sökum komi áminning ekki til álita. Að mati Fiskistofu þykja hæfileg viðurlög, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, vegna brotsins vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur.

Fiskistofa sviptir hér með krókaafلامarksbátin Njörð BA – 114, skipaskrárnúmer 2432, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 13. apríl 2026 til og með 26. apríl 2026, samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota áhafnar gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Leiðbeining um undanþágu í reglugerð nr. 468/2013 og skráningu aflaupplýsinga

Áhafnar meðlimur, Njarðar BA – 114 (2432), sést nota barefli með oddhvössum haka þ.e. „gogg“ til að sækja tindaskötu úr „rennu“ og kasta henni útbyrðis eða til að slá hana af línu. Heimilt er að sleppa lífvænlegri tindaskötu, samkvæmt 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða, að mati Fiskistofu getur notkun áhaldsins dregið úr lífvænleika tindaskötunnar. Í ljósi þess að um er að ræða undanþágu frá meginreglu 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, mælist Fiskistofa til þess að málsaðili fræði áhöfn um að umgengni um aflann, sem varpa á fyrir borð, þurfi að vera til þess fallin að stuðla að lífvænleika hans ef ætlunin er að nýta umrædda undanþágu.

Skrá skal upplýsingar um afla, þ.e. tegund og áætlað magn í kílóum, sem sleppt var samkvæmt 4. og 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 307/2023 um stafræna skráningu og skil aflaupplýsingar og 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 468/2013, sbr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

